

Reykjavík, 17. maí 2023
/íls

Efni: Umsögn að frumvarp vegna sjálfstæðs raforkueftirlits

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið) sem vísað hefur verið til atvinnuveganefndar (sbr. mál 983 á 153 löggjafarþingi). Eftirfarandi eru athugasemdir Orku náttúrunnar ohf. (ON) við frumvarpsdrögin og þær breytingar sem í þeim eru boðaðar.

ON fagnar þeim breytingum sem boðaðar eru enda mikilvægt að íslenskur raforkumarkaður starfi á réttum grunni. Þar skiptir máli sjálfstætt, óháð og öflugt raforkueftirlit. Mikilvægt er að stoðir eftirlitsins séu tryggðar og að óhæði þess sé hafið yfir allan vafa. ON gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði í frumvarpinu sem það telur orka tvímælis og eða vekja upp spurningar m.t.t. framangreindra forsendna.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að Raforkueftirlitið sinni *raforkueftirliti* en einnig *öðrum verkefnum* sem orkumálastjóri geti falið því. Þetta geldur ON varhug við og telur geta orka tvímælis m.t.t. óhæðis og sjálfstæðissem mikilvægt sé að Raforkueftirlitið njóti. Annars vegar að hægt sé að fela því önnur verkefni og hins vegar að það sé hægt án nokkurra takmarkana, þ.e. án þess að skilgreint sé sérstaklega í hverju þau geti falist og hvert umfang þeirra geti eða megi vera. Það vekur upp spurningar hvort eftirlitsaðilinn geti í reynd verið óháður. Með því að orkumálastjóra sé falið að skipa í embætti skrifstofustjóra Raforkueftirlits er því þannig fyrir komið að skrifstofustjórinn heyrir í reynd stjórnunarlega undir orkumálastjóra og því hægt að draga í efa eiginlegt sjálfstæði Raforkueftirlitsins gagnvart Orkustofnun og æðsta stjórnanda hennar. Þá bendir ON á að mikilvægt sé að skilgreina mjög vel hvaða önnur verkefni heimilt sé að fela Raforkueftirlitinu og að setja þurfi slíkum öðrum verkefnum skýrar skorður. Til að mynda þurfi að vera skýrt að slík verkefni megi ekki vera þess eðlis að þau fari gegn kjarnaverkefni eftirlitsins sem er raforkueftirlit, að raforkueftirlit sé ávallt í forgangi og að svo nefnd . önnur verkefni séu víkjandi þáttur í starfsemi eftirlitsins. Ellegar er hætt við því að . önnur verkefni verði það íþyngjandi og yfirgripsmikil að ekki sé hægt að sinna raforkueftirliti sem skyldi. Þá vekur þetta upp spurningar um óhæði Raforkueftirlitsins og hvers boðvaldi það lýtur þegar það sinnir öðrum verkefnum en raforkueftirliti og hvort það fari saman við það að vera stundum undir boðvaldi orkumálastjóra og stundum ekki. Hætt er við hagsmunaárekstrum þegar verkefnum er blandað saman líkt og lagt er til. Þá telur ON varhugavert að orkumálastjóri komi að ráðningu starfslíðs Raforkueftirlits og að mögulega færi betur á ef skrifstofustjórinn sjálfur sem fer fyrir eftirlitinu fari með það verkefni.

Þá er óljóst hver skuli greiða fyrir kostnað vegna svo nefndra annarra verkefna en það þarf að vera hafið yfir allan vafa að fjármagni frá eftirlitsskyldum aðilum til Raforkueftirlits sé ekki varið til slíkra verkefna og um þau sé haldið gagnsætt bókhald. Áréttað er hins vegar það sem áður hefur komið fram um að Raforkueftirlit ætti með réttu að sinna eingöngu raforkueftirliti og ekki öðrum verkefnum.

Hér að framan hefur undirrituð gert grein fyrir athugasemdum ON við fyrirleggjandi drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sjálfstæðs raforkueftirlits. Að öðru leyti og til fyllingar er einnig vísað til umsagnar ON vegna málsins þegar það var kynnt í samráðsgátt stjórnarráðsins.¹ Verði eftir því óskað er undirrituð reiðubúin að gera nánari grein fyrir umsögninni og svara þeim spurningum sem upp kunna að koma.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður

¹ Sjá nánar: [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=39c7822a-c4c1-ed11-9bb8-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=39c7822a-c4c1-ed11-9bb8-005056bcce7e)